

# Miklar væntingar gerðar til fjarheilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni

■ ■ ■ Magnús Hlynur Hreiðarsson

Í lok maí stóðu Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) og Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) fyrir sameiginlegu málþingi á Kirkjubæjarklaustri. Tilfnið var upphaf á innleiðingu á notkun á fjarheilbrigðisþjónustu á 8 nýjum stöðum á Suður- og Austurlandi. Tækjabúnaðurinn sem um ræðir var keyptur fyrir styrkfé velferðarráðuneytisins frá fyrirtækinu AMD Global Telemedicine. Tæki HSU eru staðsett í Laugarási, á Hellu, Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum en tæki HSA eru á Egilsstöðum, Reyðarfirði, Eskifirði og í Neskaupstað.

## Frumkvæðisstarf á Kirkjubæjarklaustri

Kirkjubæjarklaustur er gott dæmi um fjarheilbrigðisþjónustu sem hefur verið innleidd að frumkvæði heimamanna. Ástæðan er sú að þar er ekki alltaf læknir á staðnum en það er þá hlutverk hjúkrunarfræðingsins á staðnum að sjá til þess að læknirinn fái upplýsingar og gögn en á Klaustri hafa verið tæki til fjarheilbrigðisþjónustu í 5 ár og gefist einstaklega vel. Fimm fyrirlestrar voru haldnir á málþinginu en þau sem töluðu voru þau Auðbjörg Bjarnadóttir hjúkrunarstjóri Kirkjubæjarklaustri, Guðjón Hauksson forstjóri HSA, Hjörtur Kristjánsson framkvæmdastjóri HSU og þeir Eric Bacon forstjóri og Riley Normandin framkvæmdastjóri alþjóðaviðskiptadeildar AMD Global Telemedicine fyrirtækisins þar sem fjarlækningatækin voru keypt.

## Miklar væntingar til fjarheilbrigðisþjónustu

Á málþinginu kom meðal annars fram að væntingar eru miklar til fjarheilbrigðisþjónustu, ekki eingöngu til notkunar á nýrri tækni heldur einnig væntingar um að geta fært sérhæfða heilbrigðisþjónustu nær íbúum í dreifðum byggðum. „Árangur af verkefnum á sviði fjarheilbrigðisþjónustu hefur oft skilað miklu hagræði, sem er meðal annars fólgið í því að sjúkraflutningum hefur fækkað, ferðakostnaður skjólstæðinganna sem þurfa á sérfræðiþjónustu að halda hefur minnkað og skilað betri nýtingu sérfræðinga og fag-



Sigurður Arnason læknir á Kirkjubæjarklaustri og Riley Normandi frá AMD Global Telemedicine við hluta af fjarlækningarbúnaðnum sem staðsettur er á heilsugæslustöðinni á Kirkjubæjarklaustri. Fram kom á málþinginu að þjálfun starfsmanna á nýju tækin er hafin og það er hugur í heilbrigðisstarfsfólki og stjórnendum HSA og HSU að leggja sitt af mörkum til að jafna aðgengi íbúa á landsbyggðinni að heilbrigðisþjónustu.



Um 50 stjórnendur úr heilbrigðiskerfinu ásamt erlendum gestum og sérfræðingum mættu á málþing um fjarlækningar á Kirkjubæjarklaustri 28. maí í vor.

fólks. Verkefni sem þetta er ekki hugsað til að leggja niður þjónustu eða spara,” segir Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri HSU, um leið og hún leggur áherslu á að fjarheilbrigðisþjónustan snúist um að nýta tíma og fjármuni á sem bestan hátt á sama tíma og þjónustan sé færð nær íbúum með aukinni samvinnu fagaðila innan og milli stofnana í heilbrigðisþjónustu. „Það sem er mikilvægast er að sjúklingar fái skoðun og úrlausn í sínu héraði þegar þess er kostur,” segir Herdís.

## Búnaðurinn er tengdur við Sögu

Búnaðurinn sem HSA og HSU keyptu gengur með öðrum tölvubúnaði og hann má nýta á margan hátt og búið er að tengja tækin við rafræna sjúkraskrárkerf-

ið Sögu. Fjarheilbrigðistækjunum fylgja ýmis tæki, meðal annars til að mynda í eyru, augu, munn, húð. Að auki fylgja hjartsláttarrit, blóðþrýstingsmælir, mettunarmælir, hjartalínurit og öndunarmælir. Tæknin býður upp á þrívíddarskoðun, þar sem hægt er að skoða hreyfingu sjúklings og fleira. Samhliða almennri heilsugæsluþjónustu og þjónustu sérgreinalækna má einnig nýta búnaðinn til bráðþjónustu, sálfræðiþjónustu, fjareftirlits með sjúklingum, heimahjúkrunar og fjarþjálfunar. „Svona tæki gætu mögulega verið til staðar til dæmis í skólum og á fjölsóttum ferðamannastöðum eða litlum þéttbýlisstöðum þar sem engin heilbrigðis- eða lækniþjónusta er venjulega til staðar,” bætir Herdís við.